



Í bljúgri bæn og þökk til þín, Ég reika oft á rangri leið,
sem þekkir mig og verkin mín. sú rétta virðist aldrei greið.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig Ég geri margt, sem miður fer,
og lýstu mér um ævistig. og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson

MOLDUN

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á slétri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson



BLESSUN

ÚTGÖNGULAG

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson – Margrét Jónsdóttir

Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson
Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson
Einsöngur: Bjarni Atlason
Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug



Ástríður Þórey Þórðardóttir

Fædd 8. mars 1929
Dáin 16. febrúar 2021



Útför frá Akranes Kirkju
mánudaginn 1. mars 2021

Tónlist fyrir athöfn

FORSPIL

Við bjóðum góða nótt
Bjarni Bøðvarsson

BÆN

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
þú mæðist litla hríð.
þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.
Gerhardt - Björn Halldórsson



RITNINGARORÐ

Ég er á langferð um lífsins haf
og löngum breytinga kenni.
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,
ég glaður fer eftir henni.
Mig ber að dýrlegum, ljósum löndum,
þar lífsins tré gróa á fögrum ströndum,
við sumaryl og sólardýrð.

Og stundum sigli ég blíðan byr
og bræðra samfylgd þá hlýt ég,
og kjölfar hinna er fóru fyrr
án fyrirhafnar þá nýt ég.
Í sólarljósi er særinn fríður,
og sérhver dagurinn óðar líður,
er siglt er fyrir fullum byr.

Lát akker falla! Ég er í höfn.
Ég er með frelsara mínum.
Far vel, þú æðandi dimma dröfn,
vor Drottinn bregst eigi sínum.
Á meðan akker í ægi falla
ég alla vinina heyri kalla,
sem fyrri urðu hingað heim.
Valdimar V. Snævarr

RITNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Liljan

Ókunnur höfundur - Ísl. þýð. Þorsteinn Gíslason

GUÐSPJALL



Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

*Guðrún Bøðvarsdóttir -
Davið Stefánsson frá Fagraskógi*

MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Rósín

Fríðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

BÆN / FAÐIR VOR

